

Fundargerð 294. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 18. júní 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Tillaga frá Gústafi Jökli þess efnis að trúnaðarmál fundarins yrði fært aftast á dagskrá. Samþykkt.

Tómas Sigurgeirsson kom fyrir hönd fjallskilanefndar og útskýrði mál nefndarinnar.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 22. maí 2009. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 14. maí 2009. Samþykkt.
3. Fundargerð hreppsnefndar 28. maí 2009. Samþykkt.
4. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 4. júní 2009. Samþykkt.
5. Fundargerð fjallskilanefndar 11. júní 2009. Hreppsnefnd tekur undir þau sjónarmið fjallskilanefndar þess efnis að fjallskilareglugerðin taki yfir stærra svæði en Reykhólahrepp og ítrekar fyrri samþykkt frá 14. maí s.l. um sama efni. Sveitarstjóra falið að hafa samband við landeigendur við Högnavatn og fá leyfi fyrir að koma upp aðhaldi við vatnið vegna smölunar. Sveitarstjóra falið að fá leyfi landeigenda til að setja niður rétt til sundurdráttar í landi Hjalla í Þorskafirði. Heimild veitt til að nota efni úr Kinnarstaðarétt að fengnu leyfi bygginganefndar.
6. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 15. júní 2009. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. **0905032** Bréf dags. 1. maí 2009 frá Icefitness ehf (Skólahreysti) með umsókn um styrk. Erindinu synjað.
2. **0906016** Tölvupóstur dags. 28.maí 2009 frá Íslenska gámafélaginu ehf með tillögum að fyrirkomuagi soprhirðu í Reykhólahreppi. Málinu vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar með ósk um tillögur um tilhögun. Nefndinni einnig falið að vinna að undirbúningi svæðisáætlunar sormála.
3. **0905035** Bréf dags. 1. maí 2009 frá SÁÁ með ósk um 100.000 kr. styrk. Erindinu hafnað.

4. **0905036** Tölvupóstur dags. 26. maí 2009 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga með drögum að reglum um skólaakstur og með ósk um umsögn. Umsögn ekki veitt.
5. **0906002** Bréf dags. 28. maí 2009 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands varðandi styrkumsókn í Styrktarsjóð EBI 2009. Ákveðið að sækja um styrk.
6. **0906008** Bréf dags. 26. maí 2009 frá Securitas hf með tilboði í þjónustusamning um fjargæslu brunaviðvörðunarkerfis í Reykhólaskóla og Barmahlíð. Samþykkt að taka tilboðinu.
7. **0906011** Bréf dags. 8. júní 2009 frá Jóni Þór Sturlusyni, Gyðu Steinsdóttur og Kristínu Ingimarsdóttur með hugmyndum um endurbyggingu frystihússins í Flatey. Sveitarstjórn er tilbúin að skoða framkomna hugmynd og óskar eftir fundi með aðilum. Agli, Gústafi Jökli og sveitarstjóra falið að sitja fundinn.
8. **0906012** Bréf dags. 5. júní 2009 frá Menningarráði Vestfjarða með boði á aðalfund Menningarráðsins þann 23. júní n.k. Útnefnda þarf fulltrúa Reykhólahrepps. Eygló Kristjánsdóttir valinn fulltrúi Reykhólahrepps á aðalfundinn.
9. **0903056** Bréf dags. 25. maí 2009 frá Umhverfissráðuneytinu með ósk um umsögn Reykhólahrepps vegna tveggja stjórnsýslukæra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar þess efnis að vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Umsögn ekki veitt.

Mál til kynningar:

1. **0904023** Frágangur og skil Hólatraðar 1. Kynnt. Agli, Karli og sveitarstjóra falið að vinna í málinu í næstu viku.
2. **0905029** Bréf dags. 12. maí 2009 frá Samgönguráðuneytinu um meðferð og afgreiðslu ársreikninga sveitarfélaga. Kynnt.
3. **0905033** Bréf dags. 8. maí 2009 frá Siglingastofnun um styrk til lendingabóta í smábátahöfn í Flatey. Kynnt.

Önnur mál.

1. Ráðning þroskapjálfa til hreppsins. Samþykkt að ráða Andreu Björnsóttur þroskapjálfa í 90% starf.
2. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. Gústaf Jökull kjörinn oddviti og Egill varaoddviti.

Trúnaðarmál:

1. **0903059** Beiðni um liðveislu. Erindið samþykkt. Rebekku falið að klára málið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign) Karl Kristjánsson (sign) Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign) Eygló Kristjánsdóttir (sign) Óskar Steingrímsson (sign)